Bjargið ehf Bakkafirði.

Rekstrarsaga 2019-2026

Helgina 30. – 31. mars 2019, var haldið íbúaþing á Bakkafirði, við upphaf byggðaþróunarverkefnis sem hlaut á þinginu nafnið „Betri Bakkafjörður“.

Þátttakendur lögðu mesta áherslu á atvinnumál, vildu sjá nýjan og öflugan rekstraraðila að fiskverkun, helst 10 – 15 manna vinnustað.

Í September 2019 ákváðum við Ingvar Jónasson að kaupa fasteignir og hluta véla-og tækjabúnaðar þrotabús Toppfisks ehf. á Bakkafirði.

Það var eftir að hafa fengið vilyrði frá Byggðastofnun um að umsókn okkar og fleiri samstarfsaðila um 150 þorskígildistonna sértækan kvóta myndi fá hljómgrunn.

Árið 2020. Fiskveiðiárið 2019/2020

Í byrjun febrúar 2020 hófst vinna við undirbúning fiskvinnslu en mikla vinnu og fjármagn þurfti til við endurbætur á húsnæði og búnaði til að fá vinnsluleyfi á vegum MAST, en það tókst að fá 3 mánaða bráðabirgðaleyfi til vinnslu á grásleppu og söltun grásleppuhrogna fyrir vertíð sem mátti hefjast þann 10.mars.

Samningur um aukna byggðafestu á Bakkafirði var undirritaður 23.mars 2020. Úthlutun á 150 þosrkígildistonnum fór fram 5. maí 2020.

Þann 15 mars var fyrsta löndun á grásleppu inn í vinnsluna hjá Bjarginu ehf. en síðasta löndun á grásleppu á vertíðinni var 3. maí sem var mun fyrr en áætlað var, en varð vegna ákvörðunar Sjávarútvegsráðherra um að banna veiðar á þessum tímapunkti vegna þess að veiðar grásleppu á Íslandsmiðum stefndu yfir leyfilegan hámarksafla samkvæmt úthlutun.

Á Bakkafirði var landað til vinnslu hjá Bjarginu ehf. 254.039 kg af grásleppu eða sem samsvaraði 228.635 þorskígildum. Á Þórshöfn til vinnslu á Bakkafirði var landað 202.359 kg sem samsvaraði 182.123 þorskígildum. Samtals var saltað í 862 tunnur af hrognum.

Það verður að geta þess að þessi frábæri árangur á upphafsdögum rekstrar hefði ekki náðst nema með mikilli vinnu og einstakri samvinnu við Ísfélag Vestmanneyja hf. á Þórshöfn sem lánaði okkur búnað til vinnslunnar og síðast en ekki síst eftirlét okkur starfmann sinn Jónas blessaðan Lárusson sem hafði um árabil séð um hrognaverkun hjá Ísfélaginu.

Eftir grásleppuvertíð þá héldu áfram endurbætur á húsnæði og viðhald á vélum og búnaði til að fá fullgilt vinnsluleyfi frá MAST, auk uppsetningar nýrra véla. Þar var um heilmikla vinnu að ræða og þó að ekki væri um eiginlega vinnsludaga að ræða í um 4 vikna skeið þá

voru allir þeir starfsmenn sem ráðnir höfðu verið til vinnslunnar með fulla vinnu allan þann tíma auk fjölmargra iðnaðarmanna.

Þann 8. júní var tekið á móti fyrstu þorskunum í hús og þeir voru keyptir af Hróðgeiri hvíta og Fiskmarkaði Þórshafnar. Samfelld starfsemi við fiskvinnsluna var frá þeim degi til loka fiskveiðiársins 31. ágúst.

Af þorski lönduðum á Bakkafirði voru unnin 108.965 kg af þorski. Af Fiskmarkaði Þórshafnar voru keypt 23.835 kg.

Auk þessa voru unnin fyrir Halldór fiskvinnslu ehf. 58.779 kg af slægðum þorski sem var hausaður og flakaður og lagður í pækil.

Fyrir Búlandstind ehf. á Djúpavogi voru unnin 1.215 kg af þorski af Sunnutindi SU og fersk flök send á Djúpavog.

Reiknuð ársverk við vinnslu á fyrsta fiskveiðiári 2019/2020 voru rúmlega 8 .

Reiknuð ársverk verktaka voru 3,25. Við stjórnun 1 ársverk.

Á sjó á grásleppubátum sem lönduðu á Bakkafirði þá tæpu 2 mánuði sem vertíð stóð yfir voru 18 manns. Á Þórshöfn voru 10-12 manns á sama tímabili.

Á bátum sem lönduðu beint til Bjargsins þorski á tímabilinu júní til ágúst voru 12-14 manns.

Hér hefur verið lýst í texta starfsemi fyrsta rekstrarárs Bjargsins ehf. Í framhaldinu verður aðeins um tölulegar upplýsingar að ræða fyrir hvert fiskveiði- og rekstrarár.

Á rekstrarárinu 2020 voru helstu rekstrartölur eftirfarandi:

Rekstrartekjur	130.181.465
Rekstrargjöld	
Kostnaðarverð seldra vara	70.497.233
Laun og annar starfsmannakostnaður	37.508.073
Annar rekstrarkostnaður	18.745.958
Afskriftir	5.494.401
	132.0245.665
Hagnaður (tap ársins)	3.258.021
Verktakagreiðslur	32.231.057
Skuld við tengda aðila	44.168.974

Árið 2021. Fiskveiðiárið 2020/2021

Reiknaðir vinnsludagar: 200,25
Þorskur til vinnslu: 318.864 kg
Grásleppuhrogn: 43.576 kg sem samsvarar 115.645 þorskígildum.

Reiknuð ársverk við vinnslu: 7,83
Reiknuð ársverk við stjórnun: 1
Reiknuð ársverk verktaka: 1
Ársverk á sjó voru reiknuð 3,98 en 22 bátar voru í viðskiptum við Bjargið ehf á fiskveiðiárinu.

Á rekstrarárinu 2021 voru helstu rekstrartölur eftirfarandi:

Rekstrartekjur	214.055.661
Rekstrargjöld	
Kostnaðarverð seldra vara	126.973.836
Laun og annar starfsmannakostnaður	55.429.176
Annar rekstrarkostnaður	23.750.078
Afskriftir	10.631.006
	216.784.096
Hagnaður (tap ársins)	-3.366.012
Verktakagreiðslur	13.158.060
Skuld við tengda aðila	28.000.000

Árið 2022. Fiskveiðiárið 2021/2022

Reiknaðir vinnsludagar: 203,1
Þorskur til vinnslu: 568.907 kg
Grásleppuhrogn: 40.925 kg sem samsvarar 64.337 þorskígildum. 126.151 kg upp úr sjó

Reiknuð ársverk við vinnslu: 8,69
Reiknuð ársverk við stjórnun: 1,5
Reiknuð ársverk verktaka: 1
Ársverk á sjó voru reiknuð 5,0 en 30 bátar voru í viðskiptum við Bjargið ehf á fiskveiðiárinu.

Á rekstrarárinu 2022 voru helstu rekstrartölur eftirfarandi:

Rekstrartekjur	433.978.139
Rekstrargjöld	
Kostnaðarverð seldra vara	297.752.716
Laun og annar starfsmannakostnaður	61.344.787
Annar rekstrarkostnaður	29.604.401
Afskriftir	11.368.723
	400.070.627
Hagnaður (tap ársins)	20.289.172
Verktakagreiðslur	12.234.011
Skuld við tengda aðila	18.733.256

Árið 2023. Fiskveiðiárið 2022/2023

Reiknaðir vinnsludagar: 230,3
Þorskur til vinnslu: 694.217 kg
Grásleppuhrogn: 854 kg sem samsvarar. 2.904 kg upp úr sjó

Reiknuð ársverk við vinnslu: 9,36
Reiknuð ársverk við stjórnun: 1,5
Reiknuð ársverk verktaka: 1
Ársverk á sjó voru reiknuð 10 en 30 bátar voru í viðskiptum við Bjargið ehf á fiskveiðiárinu.

Á rekstrarárinu 2023 voru helstu rekstrartölur eftirfarandi:

Rekstrartekjur	340.227.025
Rekstrargjöld	
Kostnaðarverð seldra vara	241.770.591
Laun og annar starfsmannakostnaður	67.304.478
Annar rekstrarkostnaður	27.267.441
Afskriftir	12.084.791
	348.787.301
Hagnaður (tap ársins)	-13.489.503
Verktakagreiðslur	13.708.541
Skuld við tengda aðila	9.328.401

Árið 2024. Fiskveiðiárið 2023/2024

Reiknaðir vinnsludagar: 221
Þorskur til vinnslu: 571.208 kg
Grásleppa: 110.127 kg sem samsvarar 34.139 þorskígildum.
Annar afli gegnum vinnslu Ýsa, ufsi, þorskur: 58.428 kg sem samsvara 54.670 þorskígildum

Reiknuð ársverk við vinnslu: 9,01
Reiknuð ársverk við stjórnun: 1,5
Reiknuð ársverk verktaka: 1
Ársverk á sjó voru reiknuð 10 en rúmlega 20 bátar voru í viðskiptum við Bjargið ehf á fiskveiðiárinu.

Á rekstrarárinu 2024 voru helstu rekstrartölur eftirfarandi:

Rekstrartekjur	405.170.675
Rekstrargjöld	
Kostnaðarverð seldra vara	307.931.877
Laun og annar starfsmannakostnaður	79.678.257
Annar rekstrarkostnaður	32.028.463
Afskriftir	12.445.835
	432.084.433
Hagnaður (tap ársins)	-31.716.984
Verktakagreiðslur	16.812.804
Skuld við tengda aðila	50.131.484

Árið 2025. Fiskveiðiárið 2024/2025

Reiknaðir vinnsludagar: 244,5
Þorskur til vinnslu: 659.402 kg
Grásleppa: 94.022 kg sem samsvarar 34.788 þorskígildum.
Annar afli gegnum vinnslu : 844 kg ýsa , samsvarandi 540 þorskígildum

Reiknuð ársverk við vinnslu: 9,94
Reiknuð ársverk við stjórnun: 1,5
Reiknuð ársverk verktaka: 1
Ársverk á sjó voru reiknuð 10 en um 30 bátar voru í viðskiptum við Bjargið ehf á fiskveiðiárinu.

Á rekstrarárinu 2025 voru helstu rekstrartölur eftirfarandi:

Rekstrartekjur	468.427.879
Rekstrargjöld	
Kostnaðarverð seldra vara	330.229.022
Laun og annar starfsmannakostnaður	85.429.552
Annar rekstrarkostnaður	40.252.287
Afskriftir	12.283.047
	468.193.908
Hagnaður (tap ársins)	-5.734.052
Verktakagreiðslur	19.750.063
Skuld við tengda aðila	46.098.892

Árið 2026. Fiskveiðiárið 2025/2026

Reiknaðir vinnsludagar: 217,2
Þorskur til vinnslu: 400.011 kg
Grásleppa: 161.056 kg sem samsvarar 64.422 þorskígildum.
Annar afli gegnum vinnslu : 74.463 kg Þorskur slægður og frágenginn fyrir Ísfélagið hf

Reiknuð ársverk við vinnslu: 9,4
Reiknuð ársverk við stjórnun: 1,5
Reiknuð ársverk verktaka: 1
Ársverk á sjó voru reiknuð 6,5 en rúmlega 20 bátar voru í viðskiptum við Bjargið ehf á fiskveiðiárinu en mun styttra tímabili en undanfarin ár.

Ekki er búið að gera upp rekstrarárið 2026 en útlit er fyrir að um tekjusamdrátt verði að ræða milli ára.

Það skýrist helst af því að þrátt fyrir fjölgun daga á strandveiði þá vantar inn á strandveiðitímabil sumarsins milli 180-200 tonn af þorski sem ekki komu til vinnslu hjá Bjarginu ehf en voru seld á fiskmarkaði.

Bjargið ehf hefur átt mjög farsælt samstarf við langflestar útgerðir á Bakkafirði og einnig í nágrannabyggðum. Mjög gott samstarf hefur verið við Ísfélagið hf. Brim hf. á Vopnafirði og Hólmstein Helgason ehf. á Raufarhöfn

Sú stóralvarlega staðreynd að hlutfall þorsks af úthlutun hefðbundins byggðakvóta var lækkað niður í um 25 % (í stað um 55% áður) gerði það að verkum að nær allir strandveiðibátar sem gerðir voru út á svæðinu töldu hagsmunum sínum betur borgið með því að landa beint á fiskmarkað í stað þess að verja vilyrði sín fyrir úthlutun byggðakvóta.

Undanfarin ár hefur sértækum kvóta verið varið í aflaheimildir til báta eftir að strandveiði lauk en fáir bátar nýttu sér þann kost eftir lok strandveiðitímabilsins þann 12. ágúst.

Það er hálf kaldhæðnislegt að hugsa til þess að styrking strandveiða með auknum kvóta og fjölgun daga til þeirra veiða skuli koma niður á vinnslu og umsvifum í byggðarlagi eins og á Bakkafirði, þar sem undanfarin ár hefur verið úthlutað sértækum aðgerðum til að verja byggð, styrkja innviði og stuðla að fjölgun íbúa, ásamt því að efla samfélagið í heild.

Það er ljóst að aukin áhersla á strandveiðar af hálfu stjórnvalda hefur leitt til þess að hlutfall þorsks í hefðbundnum byggðakvóta hefur rýrnað eins og raun ber vitni og skerðing hefur einnig orðið á úthlutun til sértækra aðgerða Byggðastofnunar.

Það er því gríðarlega mikilvægt að allir hlutaðeigandi hagsmunaaðilar svo sem sveitarfélagið, beiti sér fyrir því að verja úthlutun hefðbundins byggðakvóta og sértæks kvóta líkt og Bjargið ehf og samstarfsaðilar hafa lagt sig fram við að gera.

Álitleg lausn gæti meðal annars verið að fá því framgengt að „aukategundum“ úthlutuðum til báta með krókaaflamark mætti skipta upp í aflamarkskerfið.

Til viðbótar við þær upplýsingar sem fram hafa komið hér að framan og til frekari kynningar er vert að geta þess að Bjargið ehf. er í stöðugri leit að leiðum til að efla starfsemina, auka fjölbreytni og skapa meiri stöðugleika fyrir starfsfólk og aðra íbúa byggðarlagsins.

Helst ber þar að nefna forgöngu og þátttöku í tilraunum sem miða að aukinni verðmætasköpun grásleppu. Þær tilraunir lofa góðu en krefjast mikilla fjárfestinga.

Bjargið ehf. leggur mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð og styður við verkefni og starfsemi á svæðinu. Félagið er mikilvægur stuðningsaðili *Grásleppunnar*, sem er orðinn árlegur viðburður á Bakkafirði og hefur vakið athygli og jákvætt umtal. Bjargið hefur einnig komið að uppsetningu sögusýningar á Bakkafirði og stutt við menningarviðburði á borð við *Stofutónleika á Bjarmalandi*. Þá hefur félagið lagt áherslu á að styðja við félagasamtök á borð við Björgunarsveitina Hafliða.

Félagið leggur mikla áherslu á umhverfismál og hefur tekið þátt í verkefnum sem stuðla að orkusparnaði á Bakkafirði. Hugur stendur til þess að bora eftir heitu vatni á lóð félagsins og hefur ákveðin undirbúningsvinna þegar farið fram. Þar verður fylgt eftir lofandi niðurstöðum tilraunar sem gerð var fyrir allmörgum árum.

Það vakti eftirtekt þegar Bjargið ehf. hóf endurbætur á eigin húsnæði og gerði bragarbót á sínu nánasta umhverfi hversu jákvæð áhrif það hafði út í samfélagið.

Félagið leggur sig fram um að styðja við bakið á öllum raunhæfum hugmyndum sem geta stuðlað að öflugra samfélagi í sveitarfélaginu.

Bakkafirði 5. október 2026

Hilmar Þór Hilmarsson